

**195. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fjarfundi,  
3. maí 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi og Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fundurinn er haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

**Fyrir tekið:**

**1. 1811112 - Umhverfisstefna Akraneskaupstaðar**

Umhverfisstefna Akraneskaupstaðar til kynningar.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að fyrirliggjandi umhverfisstefna verði samþykkt í bæjarstjórn.*

**2. 2009166 - Mastur vegna fjarskiptabjónustu**

Staðsetning á fjarskiptamastri var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. sbr. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt var frá 25. mars til og með 27. apríl 2021. Engar athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagsbreytingin verði samþykkt, send skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsti í B-deild stjórnartíðinda í framhaldinu.*

**3. 2104168 - Deiliskipulag Arnardalsreitir - Skagabraut 26 bílgeymsla**

Umsókn um að breyta byggingarreit fyrir bílskúr á lóðinni.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að deiliskipulagsbreytingin verði grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Grenndarkynnt verði fyrir lóðarhöfum við Jaðarsbraut 3, 5, Skagabraut 24, 28 og Sandabraut 2.*

**4. 2103324 - Vesturgata 49 bílastæði - fyrirspurn til skipulagsfulltrúa**

Fyrirspurn um bílastæði á lóð með aðkomu frá Vesturgötu. Tillaga skipulagsfulltrúa.

*Skipulags- og umhverfisráð getur ekki samþykkt umbeðna staðsetningu, en felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.*

**5. 2104255 - Samstarfssamningur - SAH og SHS**

Samstarfssamningur milli Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, um aðstoð vegna mengunaróhappa annars vegar og gagnkvæma aðstoð hins vegar.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að fyrirliggjandi samstarfssamningar um gagnkvæma aðstoð annarsvegar og aðstoð vegna mengunaróhappa hinsvegar verði samþykktir.*

**6. 2104157 - Grundaskóli breytingar innihurðir - framkvæmdir**

Þriðjudaginn 27. apríl 2021 voru opnuð tilboð í verkið "Breytingar á innihurðum".

*Eftirfarandi tilboð bárust:*

*GS Import ehf. kr. 10.478.100*

*SF smiðir ehf. kr. 11.297.406*

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda.*

**7. 2104263 - Dalbraut 8 - samningur**

Samningur um yfirtöku Akraneskaupstaðar á lóð og mannvirkjum á Dalbraut 8.

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarráð að samþykkja fyrirbyggjandi samning um yfirtöku Akraneskaupstaðar á lóð og mannvirkjum á Dalbraut 8.*

**8. 2105001 - Gæði og byggingalist húsa á Akranesi**

Verkefni sem nær til skilgreininga á kröfum Akraneskaupstaðar á gæðum og byggingarlist íbúða á Akranesi.

*Skipulag- og umhverfissráð felur skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa að vinna málið áfram.*

Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætt.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30.**